

9. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Lára Björk Sigurðardóttir

Markmið:

- Getur lesið texta við hæfi með góðum hraða a.m.k. 140 orð á mínútu.
- Getur tekið virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum og tjáð sig frammi fyrir hópi.
- Tekur þátt í leikrænni tjáningu og hefur tileinkað sér skýran og áheyrilegan framburð.
- Getur fundið afþreyingarefni við sitt hæfi, aflað sér heimilda og nýtt sér orðabækur og aðrar handbækur við úrvinnslu verkefna og til að auka orðaforða sinn og efla lesskilning.
- Getur lesið nokkrar bækur að eigin vali og getur fjallað um þær, gert útdrátt úr efni sem hann les og áttar sig á aðal- og aukaatriðum.
- Getur gert sér grein fyrir og fjallað um boðskap, markmið og hugblæ ljóða.
- Er fær um að beita ólíkum lestraraðferðum og gerir sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda.
- Getur beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði og kannast við myndmál.
- Hefur náð valdi á stafsetningu, þekkir flestar reglur um greinarmerkjasetningu og getur nýtt sér útskýringar í orðabókum, kennslubókum og notað leiðréttingarforrit.
- Hefur öðlast góða tilfinningu fyrir setningaskipan og skiptingu texta í málsgreinar og efnisgreinar og náð valdi á mismunandi textaformum.
- Getur skrifað um eigin reynslu, hugsanir, skoðanir og tilfinningar og rökstutt mál sitt.
- Hefur þjálfast í ritun í tengslum við lesna bókmenntatexta.
- Getur nýtt sér tölvu við ritvinnslu og getur gengið frá efni á tölvutæku formi.
- Getur valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá.
- Áttar sig á hvernig orðum er skipt eftir merkingarlegum og formlegum einkennum í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð.
- Skilur merkingarlegan mun á háttum sagna.
- Skilur hugtökin setning, málsgrein og efnisgrein og getur nýtt sér þau í sambandi við greinarmerkjasetningu, leiðréttingar og frágang eigin texta.
- Kannast við helstu hugtök í tengslum við orðmyndun.
- Gerir sér grein fyrir skyldleika íslenskunnar við önnur mál.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

- Einstaklingsvinna, para- og hópavinna
- Unnið eftir vikuáætlunum
- Leiðsagnarnám

Námsmat:

- Lesfimi í september, janúar og maí (lesfimiviðmið við lok 9. bekkjar eru 140 orð/mín)
- Símat, kannanir og próf
- Leiðsagnarmat
- Virkni og vinnubrögð í tímum

Námsgögn:

- Málið í mark – Fallorð
- Gullvör
- Neistar
- Útbrot
- Ritunarbókin
- Námsvefir og ýmis gögn frá kennara